

Ár 2017, mánudaginn 13. nóvember er í Félagsdómi í málinu nr. 5/2017

Alþýðusamband Íslands
vegna Sjómannasambands Íslands
f.h. Verkalýðsfélags Snæfellinga
(*Bergþóra Ingólfssdóttir hrl.*)
gegn
Samtökum atvinnulífsins
vegna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi
vegna Steinunnar hf.
(*Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.*)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var upphaflega dómtekið 12. september sl. en var endurupptekið, flutt að nýju og dómtekið í dag, 13. nóvember 2017.

Málið dæma Arnfríður Einarssdóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Valgeir Pálsson og Lára V. Júlíussdóttir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, vegna Sjómannasambands Íslands, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, fyrir hönd Verkalýðsfélags Snæfellinga, Ólafsbraut 19, Ólafsvík.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík, vegna Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, vegna Steinunnar hf., Suðurbakka 6, Snæfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að Steinunn hf. hafi brotið gegn ákvæði greinar 1.41 í kjarasamningi Landsambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Sjómannasambands Íslands vegna aðildarféлага sinna, þar á meðal Verkalýðsfélags Snæfellinga, hins vegar með því að halda Steinunni SH 167, með skipaskrárnúmer 1134, til veiða í tvígang eftir að verkfall sjómanna í Verkalýðsfélagi Snæfellinga hófst þann 14. desember 2016 kl. 20:00, með félagsmenn stefnanda, Kristmund Sumarliðason, kt. 150360-4559, í stöðu háseta, Halldór Kristmundsson, kt. 210868-3219, háseta, Odd Orra Brynjarsson kt. 170983-5729, matsvein og Vilhjálm Birgisson, kt. 210468-4719, háseta þá um borð.

Þá er þess krafist að stefnda Steinunni hf. verði gert að greiða stefnanda sekt fyrir hvort brot um sig samkvæmt grein 1.43 í kjarasamningi Landsambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins annars vegar og hins vegar Sjómannasambands Íslands vegna

aðildarfélagi sinna, þar á meðal Verkalýðsfélags Snæfellinga, samtals 1.068.164 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. maí 2017.

Þá er gerð krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir

Verkfall sjómanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands, þar á meðal Verkalýðsfélagi Snæfellinga, hófst kl. 23:00 þann 10. nóvember 2016. Kjarasamningur var undirritaður 14. nóvember 2016 og var verkfalli þá frestað meðan samningurinn var borinn undir atkvæði félagsmanna. Samningurinn var felldur af sjómönnum og hófst verkfall þar með aftur kl. 20:00 þann 14. desember 2016.

Fiskiskipið Steinunn SH-167 er í eigu Steinunnar hf. og er með heimahöfn í Ólafsvík. Útgerðarfélagið Steinunn hf. er í eigu fjögurra bræðra, auk ekkju fimmta bróðurins, sem situr í óskiptu búi eftir mann sinn. Fjórir eigenda útgerðarinnar eru í fastri áhöfn skipsins, þ.e. Brynjar Kristmundsson, skipstjóri og framkvæmdastjóri félagsins, Ægir Kristmundsson, yfirvélstjóri og meðstjórnandi félagsins, Óðinn Kristmundsson, yfirstýrimaður og meðstjórnandi félagsins, og Þór Kristmundsson, annar stýrimaður og meðstjórnandi. Verkfallið náði ekki til þeirra, enda eru þeir ekki félagsmenn í Verkalýðsfélagi Snæfellinga.

Eftir að verkfallið var skolið á í seinna skipti, var Steinunni SH 167 tvisvar haldið til veiða með fullri áhöfn, þ.e. dagana 9. og 10. janúar 2017. Um borð voru þá, auk eigenda útgerðarinnar, bræðranna Brynjars, Ægis Óðins og Þórs, fjórir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Snæfellinga, þeir Oddur Orri Brynjarsson í stöðu matsveins, Halldór Kristmundsson í stöðu háseta, Kristmundur Sumarliðason í stöðu netamanns og Vilhjálmur Birgisson í stöðu háseta. Auk þeirra var í áhöfn skipsins í þessum róðrum Ægir Ægisson vélavörður en hann er ekki félagsmaður stefnanda og náði verkfallið því ekki til hans.

Nefndir áhafnar meðlimir, sem eru félagsmenn í stefnanda, eru allir tengdir eigendum útgerðarinnar fjölskylduböndum. Oddur Orri er sonur framkvæmdastjóra félagsins, Brynjars Kristmundssonar, og Vilhjálmur Birgisson er tengdasonur Brynjars. Þá er Kristmundur Sumarliðason bróðursonur eigendanna en móðir hans mun sitja í óskiptu búi eftir föður hans. Halldór Kristmundsson er bróðir allra skráðra eigenda útgerðarinnar en á sjálfur ekki hlut í félaginu.

Félagsmenn í stefnanda voru ósáttir við að skipinu væri haldið til veiða og töldu að með því væri farið gegn ákvæðum vinnulöggjafarinnar og kjarasamningi aðila og stuðlað að því að afstýra lögmætu verkfalli. Fjölskyldutengsl tilgreindra áhafnar meðlima og eigenda Steinunnar

hf. væru ekki með þeim hætti að þeim væri heimilt að starfa í verkfalli. Lýstu sjómenn sig andsnúna þessu ráðslagi með því að fjölmenna á hafnarbakka þegar skipið landaði og ræða við áhafnarmeðlimi. Í kjölfar þess fóru nefndir fjórmenningar í land og fóru ekki í fleiri róðra með Steinunni SH 167 meðan á verkfalli stóð.

Formaður stefnanda, Verkalýðsfélags Snæfellinga, Sigurður A. Guðmundsson, og skipstjóri Steinunnar ræddu saman en útgerðin taldi sig mega halda skipi sínu til veiða með framangreindri mönnun, enda yrði útgerðin ella fyrir tjóni vegna rýrnunar kvóta.

Þessu var stefnandi ósammála og með bréfi, dagsettu 8. febrúar 2017, gerði stefndi kröfu um greiðslu sektar úr hendi útgerðarinnar vegna tveggja brota á kjarasamningi með vísan til greinar 1.42 í framangreindum kjarasamningi. Með bréfi lögmanns stefnanda til Steinunnar hf., dagsettu 30. mars sl., var skorað á félagið að greiða umkrafðar sektir. Stefnandi kveður engin svör hafa borist frá félaginu og af þeim sökum, og til þess að fá skorið úr um ágreining þennan, sé honum nauðsynlegt að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður mál þetta eiga undir Félagsdóm samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Ágreiningur málsins lúti að því hvort stefndi hafi brotið gegn grein 1.41 í kjarasamningi aðila með því að hætta ekki veiðum strax og verkfall hófst, heldur halda til veiða í tvígang meðan á verkfalli stóð með fjóra félagsmenn stefnanda, Verkalýðsfélags Snæfellinga, í áhöfn. Þannig hafi stefnandi stuðlað að því að afstýra lögmætri vinnustöðvun og reynt að koma í veg fyrir áhrif hennar sem sé skýrt brot á nefndu kjarasamningsákvæði sem og 18. gr. vinnulöggjafarinnar. Með þessu ráðslagi hafi stefndi bakað sér skyldu til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.43 kjarasamningsins.

Óumdeilt sé að þeir Oddur Orri Brynjarsson, Vilhjálmur Birgisson, Halldór Kristmundsson og Kristmundur Sumarliðason séu félagsmenn stefnanda, svo sem sjá megi af yfirliti úr félagskrá stefnanda og yfirliti skilagreina frá stefnda yfir greidd félagsgjöld til stefnanda vegna þeirra. Þessir félagsmenn stefnanda hafi átt kost á að taka þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallið en eðli máls samkvæmt liggi ekki fyrir hvort og með hvaða hætti þeir gerðu það. Engu að síður hafi niðurstaða atkvæðagreiðsunnar verið á þá leið að verkfalli skyldi beitt og nefndir áhafnarmeðlimir og félagsmenn stéttarfélagsins hafi verið bundnir af þeirri ákvörðun stéttarfélagsins, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 3. gr. vinnulöggjafarinnar, sbr. 11. gr. laga stefnanda, Verkalýðsfélags Snæfellinga.

Með því að boða framangreinda menn til skips í tvígang meðan á verkfalli stóð, telur stefnandi að stefni hafi brotið gegn þágildandi kjarasamningi en brot gegn kjarasamningi aðila varði sektum allt að 454.972 krónum sem renni í félagssjóð. Sektarfjárhæðin skuli hækka í hlutfalli við kaupgjaldsákvæði samningsins, sbr. grein 1.43 í kjarasamningi. Uppreiknuð fjárhæð sektarinnar á þeim tíma, þegar brotin hafi átt sér stað, hafi numið 534.082 krónum og

sé því gerð krafa um greiðslu samkvæmt því fyrir hvort brot um sig, samtals 1.068.164 krónur í félagssjóð stefnanda, auk vaxta frá þingfestingardegi máls þessa.

Brot stefnda eru að mati stefnanda alvarleg brot gegn kjarasamningi og vinnulöggjöfinni. Verkfallsbrot sé í eðli sínu ólögmat árás á lögverndaða hagsmuni verkfallsmanna. Stefndi hafi með þessu ráðslagi brotið gegn löglegri verkfallsaðgerð sem sé það tæki sem stéttarfélagin hafi til þess að ná fram kjarasamningi. Á verkföll hafi verið litið sem hluta samningsfrelsis stéttarféлага og sem slíkt njóti það sérstakrar verndar stjórnarskrár, sbr. 74. gr. laga nr. 33/1944, sbr. og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi hafi þannig brotið gegn grundvallarrétti stefnda til þess að ná samningi við gangaðila í hagsmunaágreiningu og um leið haft hagnað af vinnu félagsmanna stefnanda meðan á verkfallinu stóð, að ólögum. Af þeim sökum sé eðlilegt að stefndi greiði þær sektir sem krafist sé og samið hafi verið um í kjarasamningum til þess að bregðast við tilvikum sem þessum.

Stefnandi kveður stefnda hafa borið því við, að sér hafi verið heimilt að manna skip sitt með þeim hætti sem raun beri vitni þar sem um hafi verið að ræða einstaklinga innan fjölskyldu eigenda fyrirtækisins. Því sé stefnandi ósammála því þótt eigendum fyrirtækja hafi verið talið heimilt að vinna í verkfalli með vísan til eignarréttarsjónarmiða, nái sú heimild ekki til hvers sem er í fjölskyldum, tengdra eða skyldra. Sú heimild geti ekki náð til annarra fjölskyldumeðlima eigenda ráðandi hlutar í félagi en þeirra, sem sjálfir byggja lífsafkomu sína beinlínis á eignarhlut eiganda, þ.e. maka eiganda og þeirra barna sem eigandi hverju sinni sé framfærsluskyldur fyrir.

Enginn umræddra félagsmanna í stefnanda eigi beinni eða ríkari hagsmuni af rekstri útgerðarinnar en aðrir launamenn endranær hjá stefnda eða öðrum atvinnurekendum sjómanna. Enginn þeirra eigi hlut í félaginu, hvorki ráðandi né minni hlut og því standi engin rök til þess að stefndi, atvinnurekandi þeirra, geti haldið þeim til starfa til þess eins að verja eignarréttindi sín. Enginn þessara manna sé á framfæri eigenda útgerðarinnar né í hjúskap með nokkrum þeirra. Þessir áhafnar meðlimir hafi því ekki haft hagsmuni, umfram aðra sjómenn í verkfalli, af því að þessari útgerð væri heimilt að senda þá á sjó meðan á verkfalli stóð. Þess sé að vænta að útgerðir verði fyrir tjóni meðan á verkfalli standi, enda sé það tilgangur verkfalls að knýja útgerðir til samninga til þess að komast undan slíku tjóni. Undantekningar á því, hverjir skuli bundir af ákvörðun stéttarfélags um verkföll, verði að túlka þröngt, meðal annars vegna þess hversu mikilvæg grundvallarréttindi séu fólgin í heimildum stéttarféлага til að gera verkfall.

Af ofangreinum ástæðum sé þess krafist að fallist verði á kröfur stefnanda í máli þessu og stefndi dæmdur til greiðslu sektar fyrir hvort brot fyrir sig, auk vaxta og kostnaðar.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sérstaklega 74. gr., 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og varðandi málskostnað á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Kröfu sína um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reisir stefnandi á lögum nr.

50/1988, um virðisaukaskatt, en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

Sýknukrafa stefnda byggist á því að um sé að ræða lítið fjölskyldufyrirtæki nákominna fjölskyldumeðlima sem starfi þar að jafnaði á grundvelli eignarréttar fjölskyldunnar. Horfa verði til þeirrar sérstöðu og verndar eignarréttarins, sbr. stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu, þegar metið sé hvort stefndi hafi brotið gegn grein 1.43 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands, svo og til 18. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eins og stefnandi byggir á.

Stefndi vísar til þess að í framkvæmd hafi verið talið heimilt að fjölskylda eigenda fyrirtækis starfi við fyrirtæki í verkfalli, í það minnsta þegar svo hátti til að fjölskyldan eigi lífsviðurværi sitt undir afkomu fyrirtækisins. Horfa verði til túlkunar á nákomnum aðilum í öðrum lögum til nánari skýringar á því, hvort umræddir fjórir félagsmenn stefnanda teljist nákomnir en svo sé samkvæmt skilgreiningu 3. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Eins og atvikum sé háttað sé á því byggt að þeir fjórir félagsmenn stefnanda, sem málið varði, séu allir nákomnir eigendum útgerðarinnar og hafi haft ríka hagsmuni af rekstri útgerðarinnar. Að því leyti bendir stefndi á að veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hafi verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, falli aflahlutdeild þess niður og skuli aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemi, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Stefndi kveður stefnanda ekki hafa sýnt fram á að heimilt sé að túlka fjölskyldutengsl og nákomna með þrengri hætti, eins og atvikum sé hér háttað, en gert sé, t.d. í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum nr. 88/2003, um ábyrgðasjóð launa, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, svo dæmi séu tekin.

Stefndi telur að engin rök séu til þess að takmarka eignarréttarsjónarmið við þá eina, sem eigi ráðandi hlut í félagi eða byggir lífsafkomu sína á eignarhlut eiganda, þ.e. maka eiganda og barna þeirra, sem eigandi sé framfærsluskyldur fyrir, eins og stefnandi haldi fram. Ljóst sé að allir skipverjar Steinunnar SH 167 séu nákomnir eigendum skipsins og bundnir fjölskyldu- og eignaböndum enda engir aðrir um borð.

Stefndi telur að honum hafi, eins og á stóð, verið heimilt að fara í umræddar veiðiferðir og hafi hvorki með því brotið gegn grein 1.41 í kjarasamningi aðila né 18. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, eða stuðlað að því að afstýra lögmati vinnustöðvun.

Stefndi byggir kröfur sínar aðallega á kjarasamningi aðila, lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og almennum reglum vinnuréttar, og vísar auk þess til laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., laga nr. 88/2003, um ábyrgðasjóð launa, laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Verkfall sjómanna aðildarféлага Sjómannasambands Íslands, m.a. Verkalýðsfélags Snæfellinga, hófst upphaflega þann 10. nóvember 2016. Samningar náðust en voru felldir í almennri atkvæðagreiðslu sjómanna. Vinnustöðvun hófst því að nýju 14. desember sama ár. Samningar náðust að lokum 18. febrúar 2017 og var verkfallinu aflýst daginn eftir.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi, Steinunn hf., hafi sent fiskiskip félagsins, Steinunni SH 167, til fiskveiða dagana 9. og 10. janúar 2017 og þannig gerst brotlegur við þá vinnustöðvun sem þá stóð yfir. Fjórir áhafnarmeðlimir um borð í skipinu þessa daga hafi verið félagsmenn í Verkalýðsfélagi Snæfellinga, sem hafi átt aðild að umræddri vinnustöðvun.

Stefndi byggir á því að framangreindir fjórir áhafnarmeðlimir hafi verið fjölskyldumeðlimir eigenda skipsins, þ.e. synir, bræður og tengdasonur eigenda þess. Í framkvæmd hafi verið talið heimilt að fjölskylda eigenda fyrirtækis starfaði við fyrirtæki í verkfalli. Umræddir fjórir áhafnarmeðlimir tengist eigendum Steinunnar hf. fjölskylduböndum og hafi ríka hagsmuni af rekstri útgerðarinnar.

Óumdeilt er í máli þessu að þeir áhafnarmeðlimir, sem fóru þær tvær veiðiferðir sem um ræðir, voru allir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Snæfellinga. Umrædd vinnustöðvun beindist meðal annars að útgerð Steinunnar SH 167, stefnda Steinunni hf. Stefnda var því samkvæmt grein 1.41 í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins annars vegar og hins vegar Sjómannasambands Íslands fyrir hönd aðildarféлага sinna, og 18. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, óheimilt að stuðla að því að afstýra gildri vinnustöðvun. Hvorki ákvæði greinar 1.41 í kjarasamningnum né 18. gr. laga nr. 80/1938 fela í sér slíka undantekningu sem stefndi byggir sýknukröfu sína á. Af því sem fyrir liggur í málinu er það mat dómsins að ekkert sé komið fram um að aðstæður hafi verið með þeim hætti að víkja megir frá meginreglu 18. gr. laga nr. 80/1938 með vísan til eignarréttarsjónarmiða. Þannig skiptir engu máli þótt áðurgreindir fjórir áhafnarmeðlimir hafi tengst eigendum útgerðarinnar slíkum fjölskylduböndum sem raun ber vitni. Ákvörðun um að halda fiskiskipinu Steinunni SH 167 til veiða dagana 9. og 10. janúar 2017 með þá innanborðs var því brot á gildri vinnustöðvun Sjómannasambands Íslands.

Um kröfu sína um að stefnda verði gert að greiða sekt vísar stefnandi til greinar 1.43 í áðurnefndum kjarasamningi en brot á samningnum geta varðað sektum að fjárhæð 454.972. Samkvæmt kjarasamningsákvæðinu skal sektarupphæðin hækka í hlutfalli við kaupgjaldsákvæði samningins og þá er mælt fyrir um að sektir renni í félagssjóði viðkomandi félags. Fjárhæð sektarkröfu stefnanda hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnanda og verður

því með vísan til þess og jafnframt með vísan til framangreindrar niðurstöðu Félagsdóms að dæma stefnda til að greiða sekt að fjárhæð 1.068.164 krónur sem renni í félagssjóð Verkalýðsfélags Snæfellinga.

Stefnandi krefst þess að sektarfjárhæðin beri vexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi máls þessa, 24. maí sl. Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið ekki verið mótmælt. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til alls framangreinds verða kröfur stefnanda teknar til greina, eins og þær eru settar fram í stefnu og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur.

D Ó M S O R Ð :

Viðurkennt er að Steinunn hf. braut gegn ákvæði greinar 1.41 í kjarasamningi Landsambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins annars vegar og hins vegar Sjómannasambands Íslands vegna aðildarféлага sinna, þar á meðal Verkalýðsfélags Snæfellinga, með því að halda Steinunni SH 167, með skipaskrárnúmer 1134, tvisvar til veiða eftir að verkfall sjómanna í Verkalýðsfélagi Snæfellinga hófst þann 14. desember 2016 kl. 20:00, með félagsmenn stefnanda, Kristmund Sumarliðason, kt. 150360-4559, í stöðu háseta, Halldór Kristmundsson, kt. 210868-3219, háseta, Odd Orra Brynjarsson, kt. 170983-5729, matsvein og Vilhjálmm Birgisson, kt. 210468-4719, háseta þá um borð.

Stefndi, Steinunni hf., greiði stefnanda sekt að fjárhæð samtals 1.068.164 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. maí 2017 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands vegna Sjómannasambands Íslands fyrir hönd Verkalýðsfélags Snæfellinga, 500.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

Ásmundur Helgason

Lára V. Júlíusdóttir

Sératkvæði Guðna Á. Haraldssonar og Valgeirs Pálssonar

Félagsdómur er sérdómstóll í skilningi 3. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, sbr. og 1. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Út frá 3. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, má álykta að aðilar máls hafi ekki forræði á því hvaða mál þeir geti lagt fyrir réttinn. Þannig gildir málsforræðisreglan ekki um valdsvið hans. Valdsvið hans í þessu máli afmarkast af 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. og ákvæði IV. kafla sömu laga. Það fellur almennt utan valdsviðs réttarins að dæma um fjárkröfur milli aðila kjarasamnings. Samkvæmt 65. gr. sömu laga getur Félagsdómur þó dæmt aðila til þess að greiða sektir. Krafa stefnanda í máli þessu um að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér sekt styðst við ákvæði í kjarasamningi aðila, nánar til tekið grein 1.43. Í ákvæðinu er hins vegar ekki fjallað um dráttarvexti. Krafa stefnanda um dráttarvexti á sekt honum til handa fellur því að okkar mati utan valdsviðs réttarins og er það niðurstaða okkar að vísa eigi þeirri kröfu frá réttinum án kröfu.

Að öðru leyti erum við sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Guðni Á. Haraldsson

Valgeir Pálsson